

Pólítísk óvissa hamlar bættum lífskjörum...

Stjórn málaályktun kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi sem haldin var á Hallormsstað 23. október 2011

Íslendingar hafa alla burði til að vinna sig út úr þeirri efnahagsstöðnun sem nú ríkir. Ef rétt er á málum haldið er hægt að vinna sig hratt og vel út úr erfiðleikum og búa Íslendingum aftur þau bestu lífskjör sem bjóðast í heiminum. En til þess þarf framtíðarsýn.

Nú eru liðin rúm þrjú ár frá bankahruninu og lítið hefur verið að gert sem til framfara horfir. Ríkisstjórnin hefur ekki reynst starfi sínu vaxin og frekar þvælst fyrir en hitt. Tekjustofnar ríkisins hafa skroppið saman og ríkissjóður er rekinn með miklum halla. Þessu verður að snúa við. Það þarf að spara og skera niður í útgjöldum ríkissjóðs en það þarf að gera á vel ígrundaðan hátt. Jafnframt er sú ráðstöfun ríkistjórnarinnar að hækka skatta og skerða þannig ráðstöfunartekjur heimilanna stórkostlega ámælisverð. Auknir skattar á fólk og fyrirtæki minnka ráðstöfunartekjur heimilanna, draga máttinn úr efnahagstarfseminni, minnka skattstofna og lengja og dýpka kreppuna. Þetta benti kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins á í ályktun sinni á síðasta ári. En ítrekaðar ábendingar hafa ekki orðið til þess að stjórnarflokkarnir snúi af rangri braut.

Nú eru 927 íbúar NA-kjördæmis á atvinnuleysisskrá þá eru ótaldir þeir sem horfið hafa af vinnumarkaði. Þetta ástand má rekja bæði til úrræðaleysis á vettvangi stjórnmalanna og óvissu sem sköpuð hefur verið. Kjördæmið býr yfir miklum tækifærum og íbúar þess vilja ekkert annað en að fá að nýta þau sér og Íslandi til hagsbótar. Það er óskiljanlegt og óásættanlegt að ekki sé allt kapp lagt á að styðja fólk til þess.

Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn lagt fram vel rökstuddar tillögur til lausnar efnahagsvandannum. Þær tillögur sýna að ástandið þarf ekki að vera eins og það er. Það er til valkostur og tillögurnar gefa von um bjartari framtíð. Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi skorar á ríkisstjórnina að taka upp þá stefnu sem þar er boðuð – stefnu framfara og framþróunar.

Ályktanir

- Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi skorar á ríkisstjórnina að lýsa því þegar í stað yfir að horfið verði frá vanhugsuðum hugmyndum um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu og að farin verði sú leið sem sáttanefndin lagði til grundvallar sáttar fyrir um ári síðan. Það myndi leysa miklar fjárfestingar og atvinnu úr læðingi.
- Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi skorar á ríkisstjórnina að hverfa frá villu síns vegar og draga skattahækkningar þær sem ráðist hefur verið í frá miðju ári 2009 til baka. Þess í stað ætti ríkistjórnin skoða af fullri alvöru að fara að vel ígrunduðum tillögum Sjálfstæðisflokksins.

- Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi mótmælir harðlega fyrirhugðum niðurskurði til grunnþjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu, samgangna og menntunar, á svæðinu og beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að þegar í stað verði horfið frá þessari gerræðislegu ákvörðun.
- Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi skorar á ríkisstjórnina að beita sér af alvöru fyrir uppbyggingu orkufrekrar atvinnustarfsemi að Bakka. Jafnframt er ályktað að afstaðan almennt til orkunýtingar á Íslandi verði endurskoðuð. Að sett verði fram skýr stefna af eigendum Landsvirkjunar sem miðar að því að hámarka virðisauka orkulinda okkar Íslendinga en ekki eingöngu þrönga arðsemi fyrirtækisins. Þá á að hverfa nú þegar frá sérstakri skattlagningu á raforkunotendur en þeir skattar sem nú hafa verið settir á gera ekkert annað en að hamla fjárfestingu og atvinnuskapandi starfsemi.
- Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi skorar á ríkisstjórnina að veita auknu fjármagni til framkvæmda á næsta ári. Ekki eingöngu framkvæmdanna vegna heldur einnig vegna þess að samdrátturinn leiðir til gjaldþrota smáverktaka um allt land og atvinnuleysis meðal starfsmanna í þessum geira atvinnulífsins. Vaðlaheiðargöng, Samgöng með Norðfjarðargöng sem fyrsta áfanga og Seyðisfjarðargöng sem annan áfanga, vegur um suðurfirði Austfjarða, Dettifossvegur og nýjar brýr um Jökulsá á Fjöllum og Skjálfandafljót eru algjör forgangsmál.
- Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi skorar á borgarstjórn Reykjavíkurborgar að endurskoða afstöðu sína varðandi Reykjavíkflugvöll. Reykjavíkflugvöllur er ekki einkamál Reykvíkinga. Ef Reykjavík vill rísa undir nafni sem höfuðborg Íslendinga þá þarf að taka tillit til fleiri þátta en þröngra hagsmuna borgarbúa – það þarf að huga að hag allra landsmanna. Ef það er ekki gert þá sendur Reykjavík ekki undir því að vera höfuðborg allra Íslendinga.
- Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi skorar á ríkisstjórnina að fara að tillögum Sjálfstæðisflokksins um að kvóti í þorski verði aukinn um 46 þúsund tonn og að það verði gert innan aflamarkskerfisins.
- Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi skorar á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að leyst verði úr skuldamálum fyrirtækja og heimila. Mikilvægt er að endurskipulagningu skulda fyrirtækja verði lokið hið fyrsta til að fjárfesting og ráðning nýrra starfsmanna geti hafist. Jafnframt er það grundvallaratriði að leyst verði úr vanda skuldsettra bænda sem felast í miklu misræmi milli eigna og tekna. Ef ekkert verður að gert er hætt við að búskapur leggist af á stórum svæðum þegar bændur gefast upp fyrir vonlausri skuldastöðu.
- Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í NA-kjördæmi skorar á Alþingi leita leiða til að lækka flutningskostnað í landinu þannig að allir sitji við sama borð og að samkeppnisstaða fyrirtækja á landsbyggðinni styrkist.

Greinargerð

Góð grunnþjónusta eru réttindi allra...

Grunnþjónusta ríkisins verður ekki bætt á næstu árum með auknum fjárútlátum. Það þarf að koma til ný hugsun þannig að hægt sé að efla þjónustu. Við verðum einfaldlega að fá meira fyrir minna. Það kallar á að endurskipuleggja þarf velferðar-, heilbrigðis- og menntakerfið. En það verður að gera í sátt við notendur þjónustunnar og starfsmenn sem þar vinna óháð búsetu. Veita þarf bótapegum, t.d. örorku- og ellilífeyrisþegum, möguleika á að taka virkan þátt í atvinnustarfseminni án þess að bætur séu skertar krónu fyrir krónu. Eyða þarf fátæktargildrum og hjálpa þarf fólki til sjálfshjálpar. Auka þarf hvatann til vinnu með því að breikka bilið milli bóta og vinnulauna. Þá er óþolandi að til sé fólk sem misnotar bótakerfið og átak þarf að gera til að koma í veg fyrir það.

Heilbrigðisþjónusta er hornsteinn samfélagsins sem allir landsmenn, óháð búsetu, eiga jafnan rétt á. Nauðsynlegt er að tryggja rekstrargrundvöll heilbrigðistofnana og gera þeim kleift að færa aukna þjónustu heim í hérað. Mikilvægt er að fyrirhugaður niðurskurður í ríkisfjármálum grafi ekki undan þessu meginhlutverki.

Samkvæmt fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi á enn að skera hlutfallslega meira niður á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni. Verði niðurskurðartillögurnar að veruleika mun það í raun hafa í för með sér verulega skerta þjónustu fyrir íbúa kjördæmisins. Niðurskurður þessi mun valda óafturkræfum skaða og hafa alvarleg áhrif á grunnþjónustu við íbúa svæðisins. Tillögurnar eru auk þess dulbúin sparnaðarkrafa á Sjúkrahúsið á Akureyri umfram það sem þeirri stofnun er ætlað í niðurskurð. Óskiljanlegt er að haldið sé áfram að skera niður grunnþjónustu á landsbyggðinni á sama tíma og aukin eru framlög til sérfræðingþjónustu á höfuðborgarsvæðinu um hundruðir milljóna.

Aðalfundur Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi mótmælir harðlega fyrirhugðum niðurskurði og beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að þegar í stað verði horfið frá þessari gerræðislegu ákvörðun.

Mikilvægt er að hlúð verði að menntun í kjördæminu. Menntun eru grunnréttindi sem allir landsmenn eiga rétt á. Því er mikilvægt að ekki verði skorið niður í menntamálum í fjórðungnum á vanhugsaðan hátt. Jafnframt er mikilvægt að sjálfstæði Háskólans á Akureyri verði varið.

Ofurskattar hamla fjárfestingu og atvinnu...

Þingeyjarsýslur búa yfir ríkulegum náttúruauðlindum. Atvinnuástand hefur hinsvegar verið erfitt og fólki hefur fækkað. Af þessum ástæðum hefur mikil áhersla verið lögð á það af íbúum svæðisins að leiðir verði fundnar til að nýta þessar náttúruauðlindir. Í kjölfar uppbyggingar Fjarðaáls á Reyðarfirði vaknaði áhugi Alcoa á að nýta þá þekkingu og reynslu sem myndast hafði þar til að byggja nýtt álver. Í kjölfarið var viljayfirlýsing stjórnvalda, Norðurþings og Alcoa um byggingu álvers á Bakka undirrituð með það í huga að nýta orkuauðlindir, meðal annars á Þeistareykjum. Ferill þess verkefnis er þynnum stráður og stjórnvöldum til skammar. Ákvörðun um sameiginlegt umhverfismat sem stöðvaði allar framkvæmdir í rúmlega tvö ár, tilraunir til að friðlýsa Gjástykki í óþökk sveitarfélagana eru dæmi um þær hindranir sem stjórnvöld hafa sett fyrir verkefnið. Nú hefur fyrirtækið lýst yfir því að sökum hás orkuverðs og meintrar ónógrar orku á svæðinu sé það horfið frá fyrirætlunum sínum. Óskiljanlegt er að stjórnaliðar í kjördæminu skuli fagna þeim málalokum.

Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi skorar á ríkisstjórnina að beita sér af alvöru fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum. Jafnframt er ályktað að afstaðan almennt til orkunýtingar á Íslandi verði endurskoðuð. Að sett verði fram skýr stefna af eignum Landsvirkjunar (ríkið) sem miðar að því að hámarka virðisauka orkulinda okkar Íslendinga en ekki eingöngu þrönga arðsemi fyrirtækisins eins og stjórnendur virðast vera að gera þessa dagana.

Greiðar samgöngur bæta búsetuskilyrðin...

Samgöngur hafa tekið stórstígum framförum á Norður- og Austurlandi síðustu ár. En betur má ef duga skal. Vaðlaheiðargöng, Samgöng með Norðfjarðargöng sem fyrsta áfanga og Fjarðarheiðargöng sem annan áfanga, vegur um suðurfirði Austfjarða, Dettifossvegur og nýjar brýr um Jökulsá á Fjöllum og Skjálfandafliót eru algjör forgangsmál. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi hefur ríkistjórnin valið að skera niður fjárveitingar og stöðva þar með útboð og framkvæmdir. Þá þarf að ljúka framkvæmdum við flugvöllina á Akureyri og Egilsstöðum til að efla megi millilandaflug og ferðaþjónustu þar með.

Þessar samgöngubætur myndu verða mikil lyftistöng fyrir búsetu, ferðaþjónustu og annað atvinnulíf á svæðinu. Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi skorar því á ríkisstjórnina að veita auknu fjármagni til framkvæmda á næsta ári. Ekki eingöngu framkvæmdanna vegna heldur einnig vegna þess að samdrátturinn leiðir til gjaldþrota smáverktaka um allt land og atvinnuleysis meðal starfsmanna í þessum mikilvæga geira atvinnulífsins.

Þá skorar Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins á borgarstjórn Reykjavíkurborgar að endurskoða afstöðu sína varðandi Reykjavíkflugvöll. Hugmyndir um að flugvöllurinn verði fluttur úr Vatnsmýrinni er tilræði við landsbyggðina og mun það skerða mjög búsetuskilyrði, s.s. vegna sjúkraflugs. Reykjavíkflugvöllur er ekki einkamál Reykvíkinga. Ef Reykjavík vill rísa undir nafni sem höfuðborg Íslendinga þá þarf að taka tillit til fleiri þátta en þröngra hagsmuna borgarbúa – það þarf að huga að hag allra landsmanna. Ef það er ekki gert þá er Reykjavík ekki höfuðborg allra Íslendinga. Þá þarf að lækka flutningskostnað í landinu þannig að allir sitji við sama borð og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni.

Næg atvinna er forsenda bættra lífskjara...

Í stjórnarsáttmála sammæltust stjórnarflokkarnir um að innleiða mikla óvissu í sjávarútveg á Íslandi. Þetta var gert með því að kynna til sögunnar svokallaða fyrningarleið. Síðastliðið vor voru síðan lögð fram frumvörp sem óbreytt myndu leiða til þess að horfið væri til fyrri tíma hvað varðar óhagkvæmni og óvissu í sjávarútvegi. Framtíðarhorfur í sjávarútvegi hafa með þessu verið settar í algjört uppnám og þar með atvinnumál í strandbyggðum landsins. Aðalfundur Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi skorar á ríkisstjórnina að lýsa yfir því þegar í stað að horfið verði frá þeim áformum sem koma fram í áðurgreindum frumvörpum og að farin verði sú leið sem sáttanefndin lagði til. Það myndi leysa miklar fjárfestingar og atvinnu úr læðingi.

Jafnframt skorar aðalfundur kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins á ríkisstjórnina að fara að tillögum flokksins um að kvóti í þorski verði aukinn um 46 þúsund tonn og að það verði gert innan aflamarkskerfisins. Við aukningu þorskafla þarf að taka tillit til þess að meðafli er óhjákvæmilegur og því þarf að auka kvóta í tegundum sem veiðast með þorski.

Mikilvægt er að endurskipulagningu skulda fyrirtækja verði lokið hið fyrsta til að fjárfesting og ráðning nýrra starfsmanna geti hafist. Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu banka og lífeyrissjóða verði jöfnuð og að tryggt verði að hin fyrri misbeiti ekki stöðu sinni. Jafnframt er það grundvallaratriði að leyst verði úr málum skuldsettra bænda. Ef ekkert verður gert er hætt við að búskapur leggist af á stórum svæðum þegar bændur gefast upp fyrir vonlausri skuldastöðu.